




# EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað  
23. árgangur  
Desember 2020

## *Eining-Íðja*


*sendir félagsmönnum sínum og landsmönnum öllum bestu óskir  
um gleðileg jól og farsælt komandi ár,  
með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða*





# KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



## VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á [asi.is/klukk](http://asi.is/klukk)



Now also in English




Teraz także w języku polskim





# Allt að verða vitlaust?



## Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

**20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

Magasýrupolin hylki sem innihalda 20 mg af virka efninu Omeprazol og eru ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.**

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

**teva**



**Útgefandi: Eining-Íðja**  
Skipagötu 14 - 600 Akureyri  
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601  
www.ein.is

**Ábyrgðarmaður:**  
Björn Snæbjörnsson

**Ritstjóri**  
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Forsíðumynd:**  
Vetur á Akureyri  
Ásgrímur Hallgrímsson

**Prentvinnsla:**  
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,  
í heild eða hluta, þó þannig  
að heimildar sé getið



**hugbúnaður**

dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

## Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.

dk hugbúnaður er eitt stæsta hugbúnaðarfyrtæki landsins. Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag og yfir 4.500 fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk.

Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri  
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is

## Efnisyfirlit

- 6** Starfsmannamál
- 8** Mjög mikil ánægja með félagið og þjónustuna
- 10** Eining-Íðja styrkir Jóláaðstoðina í Eyjafirði
- 10** Desemberuppbot 2020
- 11** Launahækkarnir næsta árs
- 12** Orlofsferðir Einingar-Íðju á árinu 2021
- 12** Breytingar á Einarsstöðum
- 13** Styrkur til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis
- 14** Miscellaneous information
- 15** Laun um jólin
- 15** Atvinnulaus? - Unemployed? - Bezrobotny?
- 16** VARÐA - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarinnar
- 19** Flutt í fyrstu íbúðirnar á Akureyri
- 22** Vetrarleiga orlofshúsa
- 23** Íbúð á Spáni í boði sumarið 2021
- 24** Indriði og rassálfarnir
- 26** Útborgun 30. desember 2020
- 27** Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 27** „Mínar síður“
- 29** Reiknivél fyrir félagsmenn
- 33** Jólakrossgátan
- 34** Verðlaunagetraun
- 34** Ekki segja upp í veikindum

*Starfsfólk Enor  
óskar félagsmönnum Einingar-Íðju  
gleðilegra jóla  
og farsæls nýs árs.*

# JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Inít ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög  
Inít ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaganna



Inít ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • [init@init.is](mailto:init@init.is) • [www.init.is](http://www.init.is)

Óskum sjóðfélögum  
og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla!



## Fékkst þú sjóðfélagayfirlit?

- Það er mikilvægt að bera iðgjaldagreiðslur saman við launaseðla.
- Athuga þarf hvort launagreiðandi skili inn mótframlagi í samræmi við kjarasamning.

Hægt er að skoða útsend yfirlit á sjóðfélagavef Stapa. Hafðu samband við sjóðinn ef iðgjöld vantar eða þú hefur ekki fengið yfirlit en telur að vinnuveitandi hafi átt að skila til sjóðsins.

**Lífeyrisréttindi grundvallast af þeim iðgjöldum sem skila sér til sjóðsins.**

Strandgötu 3, 600 Akureyri  
Hafnarbraut 20, 740 Neskaupstað

Sími 460 4500

[www.stapi.is](http://www.stapi.is)  
[stapi@stapi.is](mailto:stapi@stapi.is)



# Starfsmannamál

Óvenjumikið hefur verið um breytingar hvað varðar starfsmannmál félagsins að undanförmu. 1. nóvember sl. tók Helga Þyri Bragadóttir við starfi verkefnastjóra hjá VIRK í Eyjafirði. Undanfarin ár hefur hún starfað sem ráðgjafi hjá VIRK á svæðinu og mun sinna því eftir sem áður. Elsa Sigmundsdóttir, sem áður gegndi stöðunni og verið í liðsheild Einingar-löju sl. 12 ár, fór þó ekki langt því hún mun á næstunni taka við sem skrifstofustjóri félagsins af Sigrúnu Lárusdóttur sem starfað hefur hjá félaginu í 45 ár. Elsa hefur frá 1. nóvember sl. unnið við hlið Sigrúnar til að koma sér inn í starfið. Fyrirhugað var að Elsa tæki við stöðunni 1. desember sl. en það frestast eitthvað vegna Covid. Sigrún mun þó ekki láta strax af störfum því hún mun verða

félaginu innan handar við ýmis mál næstu mánuði.

Þá hefur félagið einnig að undanförmu ráðið þrjá nýja starfsmenn til félagsins.

## Nýr þjónustufulltrúi

Rut Pétursdóttir hóf störf hjá félaginu 1. nóvember sl. Hún var ráðin úr hópi 37 umsækjanda sem sóttu um stöðu þjónustufulltrúa hjá félaginu. Undanfarin ár hefur hún starfað á Icelandair Hótel Akureyri sem veitingastjóri hótelsins. Hún er með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri og er með netfangið [rut@ein.is](mailto:rut@ein.is)

## Nýr Virk fulltrúi

Kristín Guðmundsdóttir hóf störf hjá félaginu 1. október sl. Hún var ráðin úr hópi 43 umsækjanda sem sóttu um stöðu ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar. Kristín, sem starfaði síð-

ustu 12 ár á Kristnesi, er með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri og er með netfangið [kristin@ein.is](mailto:kristin@ein.is)

## Nýr skráningar- og innheimtustjóri

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir hefur verið ráðin skráningar- og innheimtustjóri hjá félaginu. Hún var ráðin úr hópi 21 umsækjanda sem sóttu um stöðuna. Undanfarin þrjú ár hefur hún starfað á Keahótel ehf. á Akureyri sem launa- og bókhaldsfulltrúi. Rósríð mun hefja störf um næstu áramót, en hún mun taka við starfi Margrétar Einarisdóttur sem mun láta af störfum á vordögum. Hún verður með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri og verður með netfangið [rosfrid@ein.is](mailto:rosfrid@ein.is)

Eining-löja býður þær Rut, Kristínu og Rósríð velkomnar í starfsmannahópinn.



Helga Þyri Bragadóttir.



Elsa Sigmundsdóttir og Sigrún Lárusdóttir.



Rut Pétursdóttir.



Kristín Guðmundsdóttir.



Rósríð Kristín Áslaugsdóttir.





# Tröllvaxin jólaskemmtun

Það er skemmtilegra um jólin í félagsskap skósveina, trölla og syngjandi sparigrísa. Það er auðvelt að finna eitthvað fyrir alla fjölskyldumeðlimi í **Sjónvarpi Símans Premium**. Sígrænar jólamyndir, jólatónleikarnir og allt uppáhaldsbarnaefnið með íslensku tali.

Svona á sjónvarp að vera um jólin.



# Mjög mikil ánægja með félagið og þjónustuna

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Gallup framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löju og AFLs starfsgreinafélags. Um er að ræða sambærilega könnun og gerð hefur verið fyrir félögin sl. níu ár. Helstu niðurstöður liggja nú fyrir og eru væntanlegar inn á heimasíðu félagsins fyrir jól. Það er alltaf fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu ára og sjá hvort miklar breytingar hafa átt sér stað.

45,3% svarenda voru karlar en 54,7% konur. 21,9% svarenda voru undir 25 ára aldri, 21% voru á aldrinum 25-34 ára, 21% voru á aldrinum 35-44 ára, tæplega 15,4% á aldrinum 45-54 ára og 20,8% voru 55 ára eða eldri.

Mikil ánægja er með þjónustu Einingar-löju og félagið sjálft. Rúmlega 98% svarenda sögðust vera sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingar-löju, þar af merktu rétt tæplega 80% við að þau væru sátt við félagið. 97,7% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-löju þegar á heildina væri litið. Þetta eru aðeins betri niðurstöður en á síðustu árum.

Í könnuninni voru margir þættir kannaðir, m.a. um heildarlaun og dagvinnulaun, vinnutíma, vinnuálag, launaseðla, kjarasamninga og starfsumhverfi. Einnig var t.d. spurt hversu jákvæður eða neikvæður viðkomandi var gagnvart því að taka þátt í starfi á vegum Einingar-löju. Tæplega 96% svarenda sögðust vera jákvæður eða hvorki né gagnvart þeirri spurningu.

Könnunin fór þannig fram að 3.000 félagsmenn voru valdir handahófskennt úr félagskrám þessara tveggja félaga, 1.500 frá hvoru félagi. Það er áriðandi að fá sem nákvæmastar niðurstöður þegar slík könnun er framkvæmd, helst að fá alla til að svara, svo hægt sé að nýta niðurstöðurnar í þágu þekkingar og til hagsbóta fyrir félagsmenn. Þeirra upplýsingar skipta miklu máli!

Rannsókn sem þessi er afar gagnleg og getur félagið stuðst við niðurstöðurnar á mörgum sviðum. Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem þátt tóku í launakönnun félagsins í ár.



Björn formaður afhenti Kristjáni Tryggva vinninginn. Að sjálfsöfðu var hugað vel að sóttvöllum og grimur einungis teknar niður í örskotsstund á meðan smelt var af.

## Vinningsnúmer

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréfinu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Búið er að draga og voru nöfn eftirfarandi félagsmanna Einingar-löju dregin út.

Tveir vinningar að upphæð kr. 150.000, eitt stk. á hvort félag: Kristján Tryggvi Sigurðsson.

Tveir vinningar að upphæð kr. 50.000, eitt stk. á hvort félag: Ólöf Ásdís Kristjánsdóttir.

Fjórir vinningar, vikudvöl í orlofsbúðum félaganna. Tvö stk. á hvort félag: Agnar Kristinn Pétursson og Margrét Árnadóttir.

Þegar Kristján Tryggvi mætti á skrifstofu félagsins á Akureyri til að ná í vinninginn þá sagði hann að það væri alveg sjálfsagt mál að taka þátt í könnun sem þessari. „Ég veit að það skiptir miklu máli fyrir þá sem eru að senda út svona kannanir að fá góða svörun og því ákvað ég að taka þátt. Það borgaði sig greinilega, bæði fyrir félagið og mig. Það er nú ekki slæmt að fá svona glaðning fyrir að gefa sér smá tíma til að svara þessari könnun,“ sagði Kristján mjög sáttur með vinninginn.

Í ár lentu einnig 20 þátttakendur strax í happdrættispotti, 10 frá hvoru félagi, voru í

raun dregnir út áður en þeir svöruðu. Hinir heppnu vinningshafar fengu tilkynningu um það um leið og þeir höfðu lokið við að svara könnuninni, um var að ræða kr. 15.000 inn eign á debetkorti sem þeir nálguðust á skrifstofu félagsins á Akureyri. Í ár tóku allir tíu þátt þannig að allir vinningarnir gengu út, ólíkt síðustu árum. T.d. í fyrra þá svöruðu aðeins sjö þeirra sem dregin voru út sem þýddi því miður að þrír félagsmenn Einingar-löju misstu af því að fá vinning upp á kr. 15.000 og sex árið 2018. Það getur borgað sig að taka þátt!

Einingar-löja óskar vinningshöfum til hamingju.





**N4 óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökkum fyrir áhorfið.**

**N4 ER ÞAR SEM ÞÚ VILT  
- ÞEGAR ÞÚ VILT**



www.n4.is



Tímaflakk



N4sjonvarp



N4sjonvarp



N4 blaðið



N4 hlaðvarp



N4 safnið

**NÝTT!**

Þættir N4 eru núna aðgengilegir á Sjonvarpi Símans í N4 Safninu.



N4, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri — n4@n4.is — 412 4402

**Leiðandi á  
landsbyggðunum**

## **GJAFAKORT GLERÁRTORG**

**TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL  
TÆKIFÆRI!**

**GJAFAKORTIN GILDA  
Í YFIR 30 VERSLANIR  
OG VEITINGASTAÐI Á  
GLERÁRTORGI.**

**PANTAÐU GJAFAKORT Á [GLERARTORG.IS](http://GLERARTORG.IS)**



**GLERÁRTORG**



## *Eining-Iðja styrkir Jólaaðstoðina í Eyjafirði*

*Nýlega afhenti Eining-Iðja Jólaaðstoðinni í Eyjafirði styrk að upphæð kr. 1.000.000. Jólaaðstoðin er samstarfverkefni Mæðrastyrksnefndar, Rauða krossins, Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins á Akureyri.*

Markmið verkefnisins er að styðja efnaminni

fjölskyldur og einstaklinga á Eyjafjarðarsvæðinu. Söfnunarfé er meðal annars notað til kaupa á gjafakortum sem einstaklingar geta keypt mat fyrir. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu má gera ráð fyrir fleiri umsóknum í ár en undanfarin ár.

Félagið hefur í mörg ár styrkt Jólaaðstoðina. Vegna stöðunnar í samfélaginu núna ákvað

stjórn félagsins að bæta aðeins í og styrkja verkefnið um eina milljón króna.

Rétt er að vekja athygli á því að þessir aðilar aðstoða fólk um allan Eyjafjörð, frá Fjallabyggð að Grenivík.



## *Desemberuppþót 2020*

*Eining-Iðja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppþót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppþótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.*

Upphæð desemberuppþótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 94.000, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppþót greidda 1. des-

ember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppþótar samkvæmt kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga er kr. 118.750, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppþót greidda 1. desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is), má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppþótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.



# Launahækkannir næsta árs

Eining-löja hvetur launafólk til að fylgjast vel með hvort næstu launahækkannir skili sér rétt og örugglega í launamslagið. Laun og launatengdir liðir skv. nágildandi kjarasamningum munu hækka sem hér segir:

## Starfsfólk á almennum vinnumarkaði

Þann 1. janúar 2021 hækka kauptaxtar á **almenna markaðinum** um kr. 24.000 og almenn mánaðarlaun fyrir fullt starf hækka um kr. 15.750. Aðrir kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 2,5% á sömu dagsetningu. Einnig hækka lágmarkstekjur fyrir fullt starf og verða 351.000 kr. á mánuði fyrir fullt starf frá 1. janúar 2021.

## Starfsfólk sveitarfélaga

Þann 1. janúar 2021 hækka kauptaxtar hjá **sveitarfélögum** um kr. 24.000.

## Starfsfólk ríkisins

Ný launatafla tekur gildi hjá **ríkinu** 1. janúar 2021 sem byggir á álagsþrepum í stað aldursþrepa. Varpa þarf störfum í nýju töfluna, tryggt verður að enginn sem raðast fyrir neðan launaflokk 17 í dagvinnutaxta í desember 2020 fái minna en sem nemur kr. 24.000 hækkun á dagvinnulaunum. Aðrir fá að lágmarki 18.000 kr. hækkun. Í einhverjum tilvikum gæti þurft að varpa einstaklingi í hærri flokk/þrep en röðunarforsendur gera ráð fyrir. Til að fá frekari hækkun á röðun verður viðkomandi fyrst að uppfylla skilyrði samkvæmt nýjum röðunarforsendum.

Gera þarf nýja stofnanasamninga á hverjum vinnustað fyrir sig fyrir áramót og munu þeir verða kynntir félagsmönnum.

Félagið hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með á launaseðlinum hvort þessar launahækkannir skili sér ekki alveg örugglega til þeirra.



## Takið kvöldið frá!

*Vert er að setja eftirfarandi dagsetningar á minnið.*

*Fundir í svæðisráðum verði haldnir dagana 25., 26. og 27. janúar, nánari staðsetning verður auglýst er nær dregur.*

*Aðalfundir deilda verða fimmtudaginn 4. febrúar í Alþýðuhúsinu á Akureyri.*

*Aðalfundur félagsins verður fimmtudaginn 25. mars í Hofi á Akureyri.*

*Aðalfundir deilda og aðalfundur félagsins munu hefjast kl. 19:30.*



*Óskum starfsfólki og viðskiptavinum gleðilegrar jólahátíðar og þökkum samfylgdina á árinu sem er að liða*



# Orlofsferðir Einingar-löðu á árinu 2021

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Undanfarin ár hafa verið í boði þrjár ferðir; utanlandsferð, ferð innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Aflýsa þurfti öllum ferðum ársins 2020 vegna Covid.

Búið er að skipuleggja tvær ferðir á næsta ári en ferðanefnd ákvað að aflýsa utanlandsferð ársins 2021 vegna óvissu um Covid.

## Flateyjardalur

Farin verður dagsferð út í Flateyjardal laugardaginn 21. ágúst 2021. Hámarksfjöldi er 90 manns. Farið verður með rútu frá Akureyri. Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.

**Ferðin kostar kr. 5.000 á mann, innfalið er akstur, grillmat, safar og meðlæti.**

**Leiðsögumaður verður með í för.**

## Eins dags ferðin

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin 27. júní 2021. Farið

verður austur í Bárðardal þar sem snæddur verður hádegisverður. Þaðan verður farið í Mývatnssveit, ekinn Aðaldalurinn og að lokum til Akureyrar. Kaffi verður drukkið á Stóru-Tjörnum.

**Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.**

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðina út í Flateyjardal verður á skrifstofum félagsins, sími 460 3600 eða netfangið ein@ein.is, frá þriðjudeginum 5. janúar 2021.

**Athugið að síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.**



## Breytingar á Einarstöðum

Fyrir á árinu veitti félagið viðtöku tveimur orlofshúsum á Einarstöðum eftir að þau voru nánast algjörlega endurnýjuð og stækkuð lítillega sl. vetur.

Þetta voru hús nr. 21 og 22 og er vægt til orða tekið að húsin eru stórglæsileg. Húsin voru í útleigu í sumar og voru gestir mjög ánægðir með hvernig til tókst. Nú í haust voru þökin

endurnýjuð á húsunum tveimur og eru þau því algjörlega tilbúin. Nú eru hafnar framkvæmdir á húsum félagsins nr. 26 og 31 en breyta á þeim á sambærilegan hátt og hinum tveimur í vetur.

Tréiðjan Einir ehf. á Egilsstöðum sér um framkvæmdina en um hönnun og eftirlit með framkvæmdum sér Ágúst Hafsteinsson, arkitekt á Form arkitektastofu á Akureyri. Samstarfið við

þessa aðila hefur fram til þessa verið til fyrirmyndar.

**Þeir sem áhuga hafa á að leigja hús á svæðinu í vetur er bent á að hafa samband við staðarhaldara í síma 861 8310, en hann sér um að leigja út hús yfir vetrartímann.**





# Styrkur til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis

Á fundi stjórnar Einingar-löju í október var ákveðið að veita Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis aukastyrk að upphæð kr. 500.000. Ástæðan er sú að Krabbameinsfélagið leitaði leiða til þess að tryggja áframhaldandi rekstur þjónustumiðstöðvar á Akureyri en félagið á í miklum rekstrarerfiðleikum vegna áhrifa af heimsfaraldrinum.

Staðan þarna var sú að ef fer sem horfir mun rekstrarfé félagsins klárast í lok febrúar 2021 með tilheyrandi skerðingu á þjónustu. Það sem af er ári hefur dregið verulega úr styrkveitingum frá einstaklingum og fyrirtækjum auk þess sem stórar fjárafilanir eins og Hróturinn, Gæfuspör og Reykjavíkumaraþon hafi ekki skilað inn áætluðum tekjum til félagsins það sem af er ári.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, sagði eftir að styrkveitingin var ákveðin að fjölmargir félagsmenn hafi í gegnum árin notað sér þá góðu þjónustu sem krabbameinsfélagið veitir hér á svæðinu. „Stjórnin samþykkti samhljóða að veita þennan aukastyrk, sem kemur til viðbótar árlegum styrk sem Einingar-löja veitir



**Krabbameinsfélag  
Akureyrar og nágrennis**

*Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis var stofnað 21. nóvember 1952. Starfssvæðið er frá Siglufirði í vestri og austur að Stóru Tjörnum í Fnjóskadal. Félagsmenn eru nú um 1.500 og eru þeir mikilvæg stoð í starfsemi. Félagsgjald er innheimt árlega og er 4.500 krónur. Helstu verkefni er stuðningur og fræðsla við einstaklinga með krabbamein og aðstandendur þeirra ásamt námskeiðum og viðburðum. Þjónustumiðstöð félagsins er að Glerárgötu 34 - 2. hæð á Akureyri. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga 10:00-16:00.*

félaginu. Við vonum jafnframt að fleiri muni bregðast jákvætt við neyðarkalli krabbameinsfélagsins, en í bréfi sem þau hafa verið að senda á fyrirtæki kemur m.a. fram að félagið taki við almennum styrkjum en eru jafnframt að bjóða fyrirtækjum að vera Bakhjarlar Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis.“

## **Mikilvægt að hafa gott bakland**

Marta Kristín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri KAON, segir að eftir að þau sendu út neyðarkall hafi mörg fyrirtæki og einstaklingar haft samband og vilja leggja þeim lið. „Þar á meðal var auka styrkveiting frá Einingu-löju. Það er félaginu mikilvægt að hafa gott bakland og því vil ég þakka bæði stjórn og félagsmönnum Einingar-löju fyrir að styðja við félagið árlega og vera Bakhjarl félagsins. Við bjóðum upp á ráðgjöf, viðtöl og stuðning fyrir fólk með krabbamein og aðstandendur þeirra og ég hvet félagsmenn Einingar-löju til að hafa samband ef þeir geta nýtt sér þjónustuna okkar. Stjórn og starfsmenn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis óskar ykkur Gledilegra jóla og farsældar á komandi ári.“



# Miscellaneous information

## **Why have Trade unions?**

The role of trade unions is first and foremost to conduct negotiations on wages and other work-related conditions in the agreements on behalf of their members and to look after their interests on the labour market.

## **MAKE SURE THAT YOUR RIGHTS ARE IN ORDER**

**PLEASE NOTE!** It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-löja, tel. 460 3600 – [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is), if you need assistance. [www.ein.is](http://www.ein.is)

## **English and Polish versions of the main collective agreement between SGS and SA**

SGS commissioned the translation of the main SGS and SA collective agreement into English and Polish. Translations can be found on the Eining-löja trade union's home page. It is worth noting that in the aforementioned translations, at the top of each page, there is a reservation that in the event of a conflict, the original of the main collective agreement in Icelandic will always be considered valid.

We hope that the collective agreement between SGS and SA on the catering, hospitality and service industries will be ready for publication in English and Polish in the coming weeks.

These translations of the main collective agreement are aimed at providing more information and increasing the range of services provided by SGS to our numerous members of foreign origin. We hope that in this way many of them will be better informed about their rights.

## **December bonuses**

Eining-löja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as full-time employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus.

According to the wage contract concluded with the Municipal Wages and Salaries Commission, the December bonus is kr. 118,750.

According to Eining-löja contracts with the State, the December bonus is kr. 94,000.

According to Eining-löja contracts on the general labour market, the bonus is kr. 94,000.

State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.

## **Winter rental of holiday chalets**

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-löja that they have six good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafljarðarsveit, Svignaskarð in Borgarfirði and Einarstaðir in Fljótshálsa as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík/Kópavogur. The autumn and winter rents cover the period from 1 September to 1 June.

## **Employment contracts**

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

## **Health fund**

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example it is possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 370,000.

The payments for the membership in a gym are about 35% of the bill, highest kr. 23,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 50,000 every three years. Payments for buying

hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 60,000 every three years.

## **Please remind!**

Meetings of the administrative council of the health fund Eining-löja is held once a month. Cases which have to be decided about in the meeting have to be brought to the office at last every 27th of each month. Requests for all payments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy, massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

## **Study grants!**

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-löja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-löja urges its members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds Landsmennt ([landsmennt.is](http://landsmennt.is)), Sveitamennt ([sveitamennt.is](http://sveitamennt.is)) and Ríkismennt ([rikismennt.is](http://rikismennt.is)).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 130,000 per year although it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work.

Members who have not used their right of fund for the last three years, are entitled to a grant of up to 390,000-for one continuous study/course compared to the Fund's policies.

Travel costs for the study can most become 130,000-as part of the training/course cost in this case.

## **Grants for Icelandic language study**

Members who have a different native language can apply for a refund of up to 75% (Landsmennt) or up to 90% (Ríkismennt and Sveitamennt) for the cost of an Icelandic language course, providing they have been members for at least 1 month.

The Eining-löja home page [www.ein.is](http://www.ein.is) presents leaflets from Landsmennt which have been translated into English, Spanish, Thai and Polish. Also leaflet in English from Ríkismennt.





# Atvinnulaus? Unemployed? Bezrobotny?

Í nóvember setti ASÍ í loftið sérstaka upplýsingasiðu fyrir þá sem misst hafa vinnuna, glíma við erfiðleika og vilja bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Síðan er á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku, en sérstök áhersla er lögð á að ná til útlendinga á íslenskum vinnumarkaði þar sem skortur hefur verið á greinargóðum upplýsingum fyrir þann hóp.

Á síðunni er mörgum spurningum svarað, eins og t.d. um atvinnuleysisbætur, um skert starfshlutfall og hlutabætur og hver er réttur launafólks í Covid-19.

Slóðin á vefsíðuna er: [www.asi.is/atvinnulaus](http://www.asi.is/atvinnulaus)

This information website is intended to help those who have lost their jobs, who struggle, and want to improve their prospects in the job market.

Poniższa strona informacyjna ma na celu pomóc osobom, które straciły pracę, a które być może borykają się z problemami i chcą poprawić swoje możliwości na rynku pracy.

## Laun um jólin

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendur að greiða starfsfólki yfirvinnu eða eftir atvikum álag á stórhátíðum, en þeir dagar sem slíkt gildir um eru:

Aðfangadagur eftir kl. 12, jóladagur, gamlársgdagur eftir kl. 12 og nýársdagur.

Öll vinna á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi, sem er 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Fyrir yfirvinnu á öðrum frídögum skal greiða 80% álag á dagvinnutímakaup eða 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Annar í jólum telst almennur frídagur.

Í vaktavinnu eru til tvær reglur um greiðslur á þessum dögum. Annars vegar hjá þeim sem fá vetrarfrí og svo hjá hinum sem ekki eru með vetrarfrí.

Starfsmenn í fullu starfi, sem vinna reglubundna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga á ári vegna sammingsbundinna helgi- og tyllidaga sem falla á mánudaga til föstudaga í vinnuvikunni. Á þetta við um starfsfólk sem hefur unnið fulla vaktavinnu í einn mánuð eða lengur.

### Undantekningar:

- ♦ Starfsfólk sem sinnir hlutastarfi í vaktavinnu á hlutfallslegan rétt í samræmi við starfshlutfall.
- ♦ Starfsfólk í tilfallandi vinnu á rétt á stórhátíðarkeipi vegna vinnu á stórhátíðardögum.

- ♦ Ef vetrarfrísregla á við þá er greitt 90% álag á stórhátíðardögum.
- ♦ Ef vetrarfrí er ekki veitt skal greitt stórhátíðarkeipi á stórhátíðardögum.





## Hestaferðir





Við bjóðum upp á stuttar hestaferðir alla daga sem henta knöpum á öllum aldri og með mismunandi reynslu. Kaffi og kökur fylgja í lok hverrar ferðar.

[www.polarhestar.is](http://www.polarhestar.is)

Vinsamlegast bókið með fyrirvara: 89 6 1879  
Pólar Hestar – Grýtubakki II – 601 Akureyri  
Upplagt að líta við á Grenivík í leiðinni:  
[www.grenivik.is](http://www.grenivik.is)





# VARÐA - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Í áratugi hefur verið talað fyrir mikilvægi þess að á Íslandi sé starfrækt rannsóknastofnun á sviði vinnumarkaðar sem standi að og hvetji til öflugra rannsókna á lífsskilyrðum fólks og með hvaða hætti er hægt að bæta þau. Fordæmi eru fyrir slíkum stofnunum á hinum Norðurlöndunum. Á þessu ári var loksins lagt af stað í þá vegferð þegar Varða - rannsóknastofnun í vinnumarkaðsfræðum, tók til starfa í samstarfi ASÍ og BSRB.

Markmið stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði vinnumarkaðar og félags- og efnahagsmála í víðum skilningi. Hlutverk hennar er m.a. að efla og stunda fræðilegar rannsóknir og kennslu, taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi rannsækenda, skapa rannsóknnaðstöðu, veita nemendum kost á að vinna rannsóknastörf á vegum stofnunarinnar, veita fræðilega ráðgjöf og upplýsingar sem og að standa fyrir útgáfu efnis og miðlun þekkingar.

## „Réttá leiðin út úr kreppunni“

Varða hefur í samstarfi við ASÍ og BSRB staðið fyrir hádegisfundum undir yfirskriftinni „Réttá leiðin út úr kreppunni.“ Á fundunum er fræðileg umfjöllun fléttuð saman við reynslu af skipulögðu starfi verkalýðshreyfinga og annarra almennasamtaka hér á landi og um heim allan. Viðfangsefni hafa verið fjölbreytt, m.a. um



Kristín Heba Gísladóttir.

grænan nýjan samfélagsáttmála, leiðir í ríkisfjármálum til að bregðast við efnahagskreppunni, niðurbrot stéttarfélaganna og hvernig megi koma í veg fyrir að ríkisstuðningur til fyrirtækja vegna COVID-kreppunnar fari í skattaskjól. Hægt er að horfa á öll erindin á heimasíðu Vörðu ([rannvinn.is](http://rannvinn.is)), á Youtube rás Vörðu og þau eru einnig aðgengileg á helstu hlaðvarpsveitum (Hlaðvarp Vörðu). Til að fá upplýsingar um næstu erindi er hægt að líka við Vörðu á Facebook.

## Fyrsta stóra rannsóknarverkefnið

Varða hefur staðið fyrir viðamikilli vinnumarkaðskönnun þar sem staða atvinnulausra var sérstaklega skoðuð. Könnunin er fyrsta stóra

rannsóknarverkefni Vörðu og eru miklar vonir bundnar við þann vettvang sem stofnunin skapar þar sem unnt verður að skapa gagnreynda þekkingu í samstarfi við verkalýðshreyfinguna og þá þörf sem forysta hennar telur að sé til staðar. Í sumar var unnin rannsókn á stefnu alþjóðlegra baráttusamtaka launafólks í kjölfar COVID-19 faraldursins með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

## Spennandi tímar fram undan

Kristín Heba Gísladóttir er framkvæmdastjóri Vörðu og heyrði tíðindamaður blaðsins í henni og forvitnaðist um hvernig til hefur tekist með að vinna að þeim markmiðum sem lagt var upp með. Kristín segir að starfið hafi gengið vel og hún hafi fljótt fundið fyrir miklum áhuga á að efla vinnumarkaðsrannsóknir á Íslandi. Það séu spennandi tímar fram undan að fylgjast með og efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðar sem stendur nú frammi fyrir fordæmalausum áskorunum „Á sama tíma og við höfum miklar áhyggjur af atvinnuleysi blasir við að á komandi árum verða miklar breytingar á vinnumarkaði með aukinni sjálfvirknivæðingu, kröfum um góðan aðbúnað starfsfólks, samræmingu vinnu og fjölskyldulífs og kröfunni um umhverfisvænni vinnumarkað. Á slíkum breytingatímum er mikilvægt að rýna áhrif breytinganna á líf og kjör með það að leiðarljósi að stuðla að bættum lífsskjörum.“

## Ensk og pólsk þýðing á aðalkjarasamningi SGS og SA

SGS hefur látið þýða aðalkjarasamning SGS og SA yfir á ensku og pólsku og má finna þessar þýðingar á heimasíðu Einingar-lóju. Vert er að benda á að í þessum þýddu útgáfum er fyrirvari efst á hverri blaðsíðu um að upprunalega

íslenska útgáfan hafi alltaf forgang ef upp kemur ágreiningur.

Kjarasamningur SGS og SA vegna veitingagisti-, þjónustu- og greiðasölustaða verður svo vonandi klár á næstu vikum, þ.e. bæði á ensku og pólsku.

Þessi útgáfa er liður í því að auka upplýsingagjöf og þjónustu SGS og félaganna gagnvart okkar fjölmörgu erlendu félagsmönnum og vonandi að þetta verði til þess að fleiri verði betur upplýstir um réttindi sín.





Lagt er upp með að næstu trúnaðarmannanámskeið verði rafræn, en ef möguleiki verður að kenna námskeiðin í staðnámi þá verður það gert.

## Trúnaðarmanna- námskeið á vorönn

Vert er að benda trúnaðarmönnum á að búið er að raða niður trúnaðarmannanámskeiðum fyrir vorönn. Félagsmálaskóli alþýðu sér um námskeiðin, en hann er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. MFA, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, fer með rekstur og mál efni skólans. Hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarfélaganna og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks.

Er nær dregur námskeiðum verða send bréf á þá trúnaðarmenn sem geta skráð sig á viðkomandi námskeið. Námskeiðin hafa fram að þessu farið fram í sal Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri, en vegna Covid var síðasta námskeið rafrænt. Lagt er upp með að þessi námskeið verði rafræn, en ef möguleiki verður að kenna námskeiðin í staðnámi þá verður það gert.

Trúnaðarmenn Einingar-löju eru mikil-

vægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn.

Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsgöðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

**Ef það er ekki trúnaðarmaður á þínum vinnustað hafðu þá samband við skrifstofu Einingar-löju og við setjum upp vinnustaðafund til að kjósa trúnaðarmann.**

### Vorönn 2021

Hluti	Dagur	Áætluð tímasetning/vefnám
Hluti 1	3.-5. febrúar	09:00-14:30
Hluti 2	3.-5. mars	09:00-14:30
Hluti 3	14.-16. apríl	09:00-14:30
Hluti 4	5.-7. maí	09:00-14:30

*Gleðilega hátíð*

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

 ásprent

# Fræðsluáttak framlengt til 1. apríl 2021!

Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar fyrir á árinu að rýmka úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja í ákveðinn tíma. Átakið gildi fyrst frá 15. mars til og með 31. ágúst 2020, svo var það framlengt til áramóta og nú hafa stjórnir sjóðanna ákveðið að framlengja átakið til 1. apríl 2021. Átakið gildir gagnvart námi/námskeiðum sem hefjast innan þessa sama tímaramma.

## Frír aðgangur að námskeiðum

Fræðslusjóðirnir gerðu samninga við fræðsluaðila sem bjóða upp á vefnám/fjarnám þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er boðin þátttaka í námi/námskeiðum þeim að kostnaðarlausu. Þetta gildir einnig um staðbundið nám þar sem því er við komið vegna aðstæðna. Þessir samningar gilda einnig tímabundið og gagnvart því námi/námskeiðum sem fræðsluaðilar bjóða upp á innan þessa tímaramma, það er frá 15. mars til og með 1. apríl 2021. Einstaklingar og fyrirtæki geta skráð sig hjá viðkomandi fræðsluaðilum sem sjóðirnir eru með samninga við án þess að greiða námskeiðsgjald (gildir gagnvart námi/námskeiði sem kostar að hámarki 30.000).

Að auki eru sjóðirnir allir að fjármagna íslenskunámskeið að fullu hjá símenntunarmiðstöðvunum.

## Breytingar á úthlutunarreglum, til viðbótar

Endurgreiðslur til fyrirtækja vegna kostnaðar við námskeiðahald, voru hækkaðar úr allt að 75% í allt að 90% af styrkhæfum heildarkostnaði. Gildistími verði frá 15. mars til og með 1. apríl 2021.

Hámarksupphæð einstaklingsstyrkja verður áfram kr. 130.000 á ári miðað við núverandi reglur. Hlutfalli endurgreiðslu var hins vegar breytt og er 90% í stað 75% af kostnaði við námið. Gildistími frá 15. mars til og með 1. apríl 2021.

Tómstundstyrkir sem voru 75% en að hámarki kr. 30.000 á ári eru í sama hámarki og hefðbundnir styrkir, það er kr. 130.000 á ári. Hlutfall endurgreiðslunnar verði sömuleiðis 90% af viðurkenndum kostnaði við námið. Gildistími verði frá 15. mars til og með 1. apríl 2021.

## Mjög margt í boði

Kristín Njálasdóttir, framkvæmdastjóri fræðslusjóðanna, segir að félagsmenn ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar sem mjög margt sé í boði. „Sífellt er að bætast við fleiri samningar hjá sjóðunum gagnvart fræðsluaðilum. Í raun má finna allt sem hugurinn girnist, bæði starfsmiðuð námskeið og almenn námskeið, árs áskrift af vefnámskeiðum eða stökum

námskeiðum. Það má alveg nefna að búið er að semja við vefi sem eru með rafrænu námsumhverfi eins og t.d. taekninam.is, frami.is og tolvunam.is svo eitthvað sé nefnt og fleiri samningar verða kláraðir á næstunni. Ég hvet félagsmenn til að skoða framboðið á heimasíðu sjóðanna með því að smella á flippann FRAMBOÐ Á NÁMI og kanna hvort eitthvað hitti ekki í mark. Einnig eru settar inn upplýsingar frá okkur á heimasíðu Einingar-löju.“

## Nánari upplýsingar

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félagsins, [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is) eða **460 3600**, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is) undir sjóðir og styrkir og á heimasíðu sjóðanna [www.landsmennt.is](http://www.landsmennt.is), [www.rikismennt.is](http://www.rikismennt.is) og [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is).

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um er að ræða stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS. Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

## Samningur um starfstengda símenntun

Vert er að minna félagsmenn á samning sem SÍMEY er með við starfsmenntunarsjóðina Sveitamennt, Ríkismennt um starfstengda símenntun.

Þessi samningur þýðir að sjóðirnir munu greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarfélaga og ríkisstofnana, stofnana þeirra og sjálfseignastofnana sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt. Hér er um að ræða þátttöku starfsmanna í starfstengdum námskeiðum sem skipulögð eru af SÍMEY.

Félagsmenn í Einingu-löju sem eiga aðild að Ríkis-

mennt og Sveitamennt geta því sótt námskeið hjá SÍMEY og greiða sjóðirnir fyrir þátttöku þeirra að fullu.

**Athugið að þátttaka mun ekki skerða einstaklingsstyrki starfsmanna í starfsmenntasjóðum.**





# Bjarg íbúðafélag: Flutt í fyrstu íbúðirnar á Akureyri

Um miðjan september sl. var skrifað undir fyrstu leigusamningana vegna nýrra íbúða Bjargs, íbúðafélags í Gudmannshaga á Akureyri. Alls eru 31 íbúð í húsinu og fóru fyrstu íbúðirnar í útleigu þann 1. nóvember sl. Flutt verður í þær síðustu í febrúar 2021. Félagið óskar nýjum leigutökum innilega til hamingju með nýju heimilin.

Selma Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri á leiguvíði Bjargs, sagði við undirritun fyrstu samningana að þau væru mjög ánægð með samstarfið við verktakann. „Það hefur gengið vel. Upphaflega stóð til að afhenda íbúðirnar aðeins fyrr en það komu ófyrirséðar tafir í verkið m.a. vegna veðurs síðasta vetur og Covid.“

Aðspurð um framhaldið á Akureyri sagði Selma að Bjarg væri með samkomulag við Akureyrarbæ um að byggja allt að 70 íbúðir í bænum. „Ekki hefur verið tekin ákvörðun með næstu skref, það er verið að meta þörf og þess háttar. Þetta er því bara allt í skoðun og þá mögulega á öðrum stað í bænum.“

## Stór stund

„Þetta er stór stund en ódýrar leiguiðir hafa verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar til marga ára,“ sagði Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju þegar fyrsti samningurinn var undirritaður. „Vonandi er þetta bara byrjun á



Lena Rut Ingvarsdóttir og Andri Freyr Jónsson voru fyrst til að skrifa undir leigusamning við Bjarg á Akureyri. Hér má sjá þau að lokinni undirskrift á milli þeirra Selmu og Björns.

mikilli uppbyggingu Bjargs hér í Eyjafirði sem mun nýtast því fólki sem ekki hefur möguleika á að eignast íbúð eða verið á dýrum leigumarkaði.“

## Um félagið

Bjarg íbúðafélag er húsnæðissjálfsneignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja

tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „Almene boliger“.

Leiðarljós félagsins er að veita leigutökum öruggt húsnæði til langs tíma.

Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Bjargs, [bjargibudafelag.is](http://bjargibudafelag.is).

Verslaðu jólagjöfina í  
vefverslun Advania

[vefverslun.advania.is](http://vefverslun.advania.is)



# Stytting vinnutíma hjá opinberum starfsmönnum

Í kjarasamningum opinberra starfsmanna sem samþykktir voru á vormánuðum 2020 náðist tímamótasamkomulag um styttingu vinnutímans. Breytingar vegna vaktavinnufólks taka gildi 1. maí 2021 en breytingar hjá dagvinnufólki eiga að taka gildi frá 1. janúar 2021. Varðandi dagvinnuna er heimilt að stytta vinnuvikuna um allt að 4 klukkustundir á viku eða úr 40 í 36 virkar stundir. Lágmarksstytting er þó 13 mínútur á dag, eða 65 mínútur á viku. Vinnuvikan fyrir fólk í vaktavinnu styttest úr 40 stundum í 36 virkar stundir á viku, fyrir fullt starf. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda.

Á 15 fundum sem félagið hélt í október með um 120 trúnaðarmönnum félagsins, þar af um 60 í Opinberu deildinni, fjallaði Björn formaður m.a. um þessar breytingar á vinnutíma. Til þess hefur hann m.a. notað kynningarvefinn betrivinnutími.is sem Kjara- og mannauðssýsla ríkisins opnaði í kjölfar samninganna sl. vor. Á kynningarvefnum er farið yfir mögulegar útfærslur á styttingu vinnutíma dagvinnufólks og þær breytingar sem verða á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks. Á vefnum er einnig leitast við að svara helstu spurningum og veita leiðbeiningar um framkvæmd breytinganna sem eiga að leiða til betri vinnutíma. Þá er einnig að finna svokallaðan vaktareikni sem hægt er að nota til þess að fá betri mynd af því hvaða breytingar nýtt vinnufyrirkomulag getur haft á kjör vaktavinnufólks.

Á fundunum kom líka fram hjá Birni að breytingar á vinnufyrirkomulagi og fækkun vinnustunda kræfist undirbúnings og skipulagningar hjá starfsfólki og stjórnendum en til þess átti að skipa vinnutímanefnd á hverjum stað fyrir sig. Hann taldi eðlilegt að trúnaðarmenn tækju þátt í vinnu þessara nefnda. Hann sagði að þetta ætti að vera samvinna, einn frá hverju félagi á viðkomandi stað eiga að vera í nefndinni, yfirmaður á ekki að ráða þessu.

## Niðurstaða í október?

Styttingu vinnutíma í dagvinnu átti að útfæra á hverri stofnun fyrir sig þannig að starfsmenn veldu sína fulltrúa í hópinn. Auk þess átti hann að vera skipaður fulltrúum sem forstöðumaður velur. Vinnutímahópur á hverjum vinnustað



boðar síðan til umbótasamtals þar sem starfsmenn og stjórnendur ræða sameiginlega hvaða vinnutímafyrirkomulag henti best. Í kjölfarið leggur vinnutímahópurinn fram tillögu sem starfsmenn greiða atkvæði um. Gert var ráð fyrir að niðurstaða umbótasamtals og þar með skipulags vinnutíma á stofnun lægi fyrir 1. október sl. og að nýtt fyrirkomulag taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Í október sendi félagið bréf til allra sveitarfélaga á félagssvæðinu þar sem spurt var hvort búið væri að skipa í vinnutímanefnd vegna þessara mála. Miðað við þau svör sem bárust virtist vera lítið um að undirbúningur væri hafinn, þrátt fyrir að niðurstaðan ætti þá að liggja fyrir. Reyndar óskaði einn sveitarstjóri eftir fundi með félaginu, eftir að hafa fengið bréfið í hendur, um hvernig best væri að standa að þessu og fór sá fundur fram svo að segja um leið og beiðnin barst.

Björn og Arnór eru í forsvari varðandi þessar breytingar fyrir hönd félagsins og á fyrrgreindum fundum bað Björn trúnaðarmenn að vera duglega að ræða þessi mál við samstarfsmenn sína og vera í sambandi við félagið með allar

þær spurningar sem komu upp í þeim samtölum.

## Nánar um betrivinnutími.is

Á kynningarvefnum er farið yfir mögulegar útfærslur á styttingu vinnutíma dagvinnufólks og þær breytingar sem verða á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks. Á vefnum er einnig leitast við að svara helstu spurningum og veita leiðbeiningar um framkvæmd breytinganna sem eiga að leiða til betri vinnutíma. Þá er einnig að finna svokallaðan vaktareikni sem hægt er að nota til þess að fá betri mynd af því hvaða breytingar nýtt vinnufyrirkomulag getur haft á kjör vaktavinnufólks.

Félagið hvetur félagsmenn sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum til að kynna sér efnið á vefnum vel og vandlega enda verður útfærslan á styttingu vinnutímans með ólíkum hætti eftir því hvort fólk vinnur hefðbundna dagvinnu eða vaktavinnu.

Búið er að setja inn hnapp á heimasíðu félagsins sem vísar beint á kynningarvefinn.



# Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Tanni ferðapjónusta ehf



Íslandsbanki



FERÐASKRIFSTOFA  
AKUREYRAR

Strandgata 3 - 600 Akureyri



hnýfill  
FISKVINNSLA • REYKHÚS



Albýðusamband Íslands

RAFEYRI

*alltaf í stúði!*  
LÖGGILTIR RAFFERKTAKAR

form

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



EFLING  
SJÚKRAPJÁLFUN



Grýtubakkahreppur



EFLING  
STÉTTAFÉLAG



Bústólpi

HJARTAD Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI



PRENTPJÓNUSTA  
TUNNAN  
TÖLVUÞJÓNUSTA  
TÖLVUSALA  
VIÐGERÐIR  
PRENTUN - ÚTGÁFA - PAPPÍR - VERSLUN



AKUREYRARAPÓTEK

Kaupangi v/Mýrarveg | Kt. 690610-1320 | S. 460 9999 | Fax 460 9991

SBA-NORÐURLEIÐ

HJALTEYRARGÖTU 10 • 600 AKUREYRI

Sími 5 500 700 • Fax 5 500 701



Deloitte.

www.deloitte.is



HVAMMUR  
FASTEIGNA/SKIPASALA



GJÖGUR HF  
GRENIVÍK



ÆVAR & BÓAS  
DALVÍK  
466 1597 • 898 3345



BÓKHALÐSPJÓNUSTAN  
HRINGUR

Tréverk ehf.  
Dalvík

BÍLALEIGA  
AKUREYRAR

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

NORÐURORKA

VIRÐING - FAGMENNSKA - TRAUST



SAMHERJI HF



EYJAFJARDARSVEIT



AKUREYRI

GALLUP®

TIL AÐ VERA VISS



SÍMEI

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐ EYJAFJARDAR  
WWW.SÍMEI.IS

nettó



Fjallabyggð



KJARNAFÆÐI

# Vetrarleiga orlofshúsa

Í boði eru fyrir félagsmenn Einingar-löju fimm kostir í vetrarleigu orlofshúsa. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyja-fjarðarsveit, Einarstöðum á Héraði og Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig í orlofs-íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu. Vetrarleigan hófst 1. september sl. og stendur til 1. júní nk.

## Hafið eftirfarandi í huga:

- Auðveldast er að panta á Orlofsvef félagsins, en auðvitað er hægt að hringja í skrifstofur félagsins og panta hús eða bústað.
- Þegar opnað er fyrir vetrarleigu á Orlofsvefnum er hægt að panta íbúðir og hús alveg fram að sumarleigu. Allur veturinn er undir.
- Ekki þarf að sækja sérstaklega um jól eða páska, en einungis eru vikuleigur í boði.
- Punktur eru ekki dregnir af vetrarleigu.

## Verðskrá veturinn 2020-2021

### Illugastaðir

Vikuleiga er kr. 30.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við hvert hús. Nettenging er á svæðinu.

Talnalás verður á húsunum frá 1. janúar 2021, fram að þeim tíma eru lykjar afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Vert er að benda á að á Illugastöðum á Eining-löju eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

### Tjarnargerði

Vikuleiga er kr. 35.000 og helgarleiga kr. 20.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið. Nettenging er á staðnum.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



### Einarstöðir

Vikuleiga er kr. 30.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið.

Talnalás er á húsunum. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Þeir sem áhuga hafa á að leigja hús á svæðinu í vetur er bent á að hafa samband við staðarhaldara í síma 861 8310, en hann sér um að leigja út húsin á veturna.

### Svignaskarð

Vikuleiga er kr. 30.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið.

Talnalás er á húsina.



### Höfuðborgarsvæðið

Eining-löja hefur til umráða nokkrar íbúðir í Reykjavík og í Kópavogi, en sjúkrasjóður félagsins hefur þrjár af þeim til ráðstöfunar. Íbúðirnar leigjast í viku í senn, fyrir utan sjúkraíbúðir sem leigjast eftir þörfum. Vikuleiga er kr. 34.000.

Nettenging er í íbúðunum.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.



### Þrif innifalin

Umsjónaraðili með íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu sér um að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofum félagsins og í síma 460 3600. Einnig má senda póst á netfangið [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is)

## Ekki á að nota orlofseignir í sóttkví eða í einangrun!

Að gefnu tilefni er vakin athygli á að ekki er heimilt að nota orlofseignir félagsins fyrir sóttkví, sama gildir um þá sem þurfa að vera í einangrun.

Summer houses and apartments are not allowed to be quarantined!

Domki letnie i apartamenty zwiazkowe - nie zezwala się na odbycie kwarantanny!







# Íbúð á Spáni í boði sumarið 2021

Síðustu þrjú sumur hefur félagið boðið upp á orlofskost á Spáni fyrir félagsmenn og voru viðtökurnar það góðar að ákveðið var að bjóða upp á þessa íbúð enn á ný næsta sumar. Um er að ræða efri sérhæð í nýjum íbúðarkjarna í Lomas de Cabo Roig hverfinu sem er í um 30 mín. fjarlægð frá Alicante, á svæði sem heitir Casa Tarife. Í boði verða níu leigur, tvær vikur í senn, og verða skiptidagar á þriðjudögum. Verð fyrir tvær vikur verður kr. 105.000, innifalið í verðinu er þrifagjald. Leiga hefst 25. maí og mun standa til 28. september.

**ATHUGIÐ! Umsókn þarf að skila til félagsins fyrir 1. febrúar 2021, rafrænt í gegnum Orlofsvef félagsins sem finna má á [www.ein.is](http://www.ein.is). Úthlutun verður lokið nokkrum dögum síðar. Hægt er að skrá sig inn á Orlofsvefinn með rafrænum skilríkjum.**

Íbúðin er mjög vel búin, gólfhiti er í húsinu og loftkæling í báðum herbergjum og stofu. Rúmgóð verönd er fyrir framan húsið og þaðan er gengið upp í íbúðina sjálfa sem er öll á einni hæð. Svalir eru út frá stofu og eldhúsi og þaðan er síðan gengið uppá stórar einka þaksvalir sem eru yfir öllu húsinu, þar eru sólbekkir, útihúsgögn, gasgrill, kolagrill, markísa og æðislegt útsýni. Fallegur sundlaugargarður er inná milli húsanna og hverfið er mjög rólegt og gott. Matvöruverslun og veitingastaðir eru í göngufæri og stutt að skreppa á ströndina, á fimmtudagsmarkaðinn. Það tekur um það bil 30 mínútur að ganga í La Zenia mallið.

ATH! Mjög gott er að vera með bílaleigubíl á þessu svæði.

Nánari upplýsingar um íbúðina og svæðið og fleiri myndir má finna á vef félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is)



Frábær  
jólagjöf!



Eitt kort  
36 vötn  
8.900 kr

Kynnið ykkur sértílbóð til félagsmanna á skrifstofu

[veidikortid.is](http://veidikortid.is)



Bestu óskir um  
gleðileg jól og  
farsælt komandi ár

**Kaupfélag Skagfirðinga**



Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt komandi ár



Njarðarnes 9 - 603 Akureyri  
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt komandi ár

Pólyhúðun  
Akureyri



Gleðileg jól

Óskum starfsmönnum, viðskiptavinum  
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og  
farsældar á nýju ári

**DEKKJAHÖLLIN**

# Indriði og rassálfarnir

Við mannfólkið erum margbreytileg, óútreiknanleg á köflum og einfaldlega mögnuð og þú kæri lesandi þar á meðal. Hvað hefur þú lært um þig á þessu ári? Hverju hefur þú breytt? Hvað hefur þú tekist á við? Hverju ertu stoltust/stoltastur af?

Nú spyrð þú þig kannski hvað þessi kona vill eiginlega með öllum þessum spurningum, eðlilega. Í starfi mínu sem markþjálfari og mannauðsráðgjafi nýt ég þeirra forrættinda að fólk treystir mér fyrir sér. Fólk kemur til mín í samtöl og saman förum við í vegferð til að viðkomandi komist áfram með sjáflan sig, skerpi skilning, finni markmið, hvata og leiðir til að komast áfram og eitt af mínum aðalverkfærum er að spyrja spurninga. Í ævintýrinu um Ronju ræningjadóttur birtist álfategund sem nefnist rassálfar og þeir spyrja ítrekað „af hverju?“ Hvað gerist þegar við spyrjum okkur þeirrar kröftugu spurningar, aftur og aftur og svo einu sinni enn – æfing sem ég kalla rassálfaæfinguna. Einhverjum finnst þetta auðvelt og skemmtilegt, en það sem ég rek mig oftar á er að fleirum finnst þessi æfing pirrandi, krefjandi og erfið, já ég veit. En hvað ætli valdi því? Mögulega það að þetta er sannarlega krefjandi, krefur okkur um eitthvað sem ekki liggur ljóst fyrir í huga okkar. Krefur okkur um svör sem okkur finnst við ekki hafa. Krefur okkur um það að gera eitthvað sem við erum jafnvel ekki í góðri æfingu við að gera. Krefur okkur um það að leita þessara svara hjá okkur sjálfum. Af hverju ættum við svo sem að spyrja okkur „af hverju?“ gæti einhver spurt, „á ég að gera það?“ (lesist með raddtón og látbragði Indriða úr Fóstbræðrum). Mitt svar við því er, já þú átt að gera það. Það er í „starfslýsingu“ okkar sem einstaklinga, það er á okkar ábyrgð að finna þessi svör fyrir okkur sjálf. Að leita allra tækifæra til að skilja og stýra vegferð okkar í lífinu. Vera ekki eins og dauður fiskur sem flýtur með straumnum, því það eru jú bara dauðu fiskarnir sem fljóta með straumnum, hinir eru með markmið og aðgerðarplan til að komast þangað sem þeir vilja og synda klárlega oft á móti straumnum. Þannig að með því að krefja okkur svara getum við fært okkur skrefi nær tilgangi, sýn og hvatningu sem væri þá sannarlega okkar. Getur fært okkur nær okkar sanna og rétta svari á þeim tímamarki sem svo getur stækkað og eftir þá upplifun að við séum við stjórnvöllinn, að við séum stjórninn í eigin lífi. Hvernig stjórnandi ert þú í eigin lífi?

Í óútreiknanleika veruleikans sem við lifum þessa dagana er það dýrmætt, sem aldrei fyrr,



Sigríður Ólafsdóttir.

að upplifa í einhverri mynd stjórn á eigin lífi og að við finnum fyrir því að hafa val og völd í eigin þágu. Þessi tilfinning, að upplifa stjórn á eigin lífi, er afar mikilvæg m.a. í samhengi við þrautseigju og úthald. Það að geta á einhvern máta stillt viðhorf sitt, sýn og aðgerðir inn á það að hafa val, þó það sé ekki nema bara meðvitað val um viðhorf, þegar við skiljum og vitum að ytri aðstæður, til dæmis eins þær sem við erum að lifa núna eru utan okkar áhrifahrings. Við höfum ekki stjórn á aðstæðunum, skoðunum annarra eða aðgerðum - bara okkur sjálfum.

Setningin „ef þú dettur þá stendur þú upp“ hefur fylgt mér í gegnum árin, því auðvitað stöndum við upp þegar við dettum, ekki satt, ekki ætlum við bara að liggja þarna í jörðinni. Stundum þurfum við kannski að fá frið og fá að liggja í einhvern tíma, átta okkur á stöðunni, hvar erum við lent, hvar finn ég til, sá mig einhver detta ofrv. En svo, jú við stöndum upp!

Klárlega berum við okkur mis tignarlega að og stundum er það brölt og bras að koma aftur undir okkur fótunum og standa aftur nokkurn veginn upprétt. Þetta fall getur verið samlíking við alls konar, til dæmis atburð, upplifun eða tilfinningu sem við fáum í fangið og þurfum að kljást við. Eitthvað sem við völdum okkur ekkert endilega sem viðfangsefni og okkur finnst við ekki eiga haldbær tæki eða töl til að takast á við. Eitthvað sem kemur okkur úr jafnvægi, við hrös-um, við dettum eða við bognum. En sem við engu að síður veljum að takast á við og koma okkur í gegnum, standa upp með góðu eða illu, já jafnvel á blessaða hnefanum. Hvaða samlíking úr þínu lífi kemur þér í hug fyrir þig?

En hvað svo, við erum komin á lappirnar,

náðum að standa upp, komast í gegnum aðstæðurnar og mótvindinn en hvað svo, ætlum við að standa áfram í sömu sporum, bíða eftir næsta áhlaupi og halda áfram að gera það sama? Jú stundum á það við og hnefinn víst alveg gagnlegur en hvað ef það er ekki verkfærið sem virkar eitt og sér fyrir okkur sjálf til lengri tíma. Vitur maður sagði að lífið væri eins og að hjóla, að til að halda jafnvægi þá þyrftum við að halda áfram. Hvað merkir það að halda áfram? Kannski að þá væri gagnlegt að grípa til rassálfaæfingarinnar og Indriða. Endurmeta og endurskoða hvað við viljum halda áfram að gera, hætta að gera og hvað við viljum byrja að gera. Spyrja okkur spurninga og tékka á okkur – af hverju vil ég gera þetta? Hvernig kemur það mér áfram þangað sem ég vil komast? Taka svo Indriða á þetta líka, á ég að gera það? En mögulega með mildari tón í röddinni en hann ;-). Það merkilega, er svo að þegar upp er staðið munum við klárlega koma okkur sjálfum skemmtilega á óvart þegar við uppgötvaðum að við eigum þessi svör fyrir okkur sjálf, já þau eru þarna. Við þurfum bara að hlusta, hlusta á okkur, þegar við mögnum það sem í okkur býr þá eflumst við sem við sjálf.

Hvað langar mig að skilja eftir hjá þér með þessum skrifum? Já, því ég spyr sko sjálfa mig líka spurninga ;-). Ósk mín er að þessi pistill minni á að við höfum val og völd í eigin lífi. Hversu skemmtilega krefjandi sú vegferð er að spyrja okkur spurninga og nota svörin til að teikna upp og hanna leiðina okkar og ganga hana svo skref fyrir skref. Af því sögðu þurfum við ekki endilega að kryfja allt mögulegt, alltaf, en verum meðvitað og sýnum okkur mildi um leið. Hugsum en ofhugsum ekki, eða eins og tónlistarmaðurinn Jónas Sig fjallar svo skemmtilega um í lagi sínu „Ef ég gæti hugsana minna og ef ég gæti hugsað minna“.

Ég óska ykkur notalegrar aðventu sem ég vona að þið njótið á ykkar forsendum og í takt við það sem færir ykkur sjálfum sannarlega ánægju og gleði.

Sigríður Ólafsdóttir  
Frankvæmdastjóri, markþjálfari  
og ráðgjafi hjá Mögnum





# Viltu ná fyrri styrk?



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Hlutverk VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á þjónustu eru allir þeir sem sækja um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóði og einnig þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki sinnt störfum sínum vegna heilsubrests. Þjónustan er notend-um að kostnaðarlausu og fyllsta trúnaðar er gætt í hvívetna.

Fjórir ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði, Helga Þyri Bragadóttir, [helgabraga@ein.is](mailto:helgabraga@ein.is), sem jafnframt er verkefnastjóri svæðisins, Kristín Guðmundsdóttir, [kristin@ein.is](mailto:kristin@ein.is), Nicole Kristjánsson, [nicki@ein.is](mailto:nicki@ein.is) og Svana Rún Símonardóttir, [svana@ein.is](mailto:svana@ein.is). Þær eru starfmenn Einingar-löju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu, og hafa

aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Hægt er að ná í ráðgjafana í síma 460 3600. Eining-löja fær endurgreiddan frá VIRK allan kostnað vegna þessara starfsmanna, þar á meðal vegna launa og húsnæðis.

Ráðgjafarnir eru með fasta viðveru á skrifstofu Einingar-löju í Fjallabyggð á miðvikudögum og á skrifstofu félagsins á Dalvík á þriðju-dögum.

## Atvinnulífstengill



Snæbjörn Sigurðsson starfar sem Atvinnulífstengill hjá VIRK. Hann er starfmaður FVSA, en starfar fyrir öll stéttarfélög á svæðinu. Hann er með aðsetur á skrifstofu FVSA á 3. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Hann er með síma 455 1058 og netfangið [snabjorn@fvsa.is](mailto:snabjorn@fvsa.is).

Nánari upplýsingar um VIRK má fá á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs, [www.virk.is](http://www.virk.is).



Á [virk.is](http://virk.is) má finna heimikið efni sem snýr að stuðningi við einstaklinga og stjórnendur fyrirtækja. Til dæmis má finna ráð til starfsmanna og stjórnenda um fjarvinnu í tengslum við ástand sem skapast hefur vegna COVID-19.

## Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár





Í ár fengum við Helga Gunnlaugsson, eigenda og yfirkokk Vitans mathúss á Akureyri, til að gefa lesendum blaðsins uppskriftir

Vitinn mathús opnaði 2. október 2019 og er staðsettur í Strandgötu 53 (gamli Oddvitinn). Staðurinn er opinn virka daga milli 11:30 - 14 og selur heimilismat úr hlaðborði. Selt er eftir vigt og er bæði hægt að borða á staðnum og taka með sér í bakka. Auk þess er Vitinn mathús með veislubjónustu og býður upp á allar gerðir af veislum, stórar og smáar.

Í upphafi deildi Vitinn mathús húsnæði með Norðurslóðarsafninu en 1. júní 2020 tók Vitinn mathús allt húsið á leigu. Fljótlega mun Vitinn mathús opna glæsilegan veislusal (Verkstæðið) þar sem hægt verður að halda stórar veislur, ráðstefnur og gamaldags böll. Salurinn verður búinn fullkomnu eldhúsi, hljóðkerfi og ljósakerfi og mun rúma 180 manns í sæti. Hann verður viðbót við núverandi sal sem tekur 80 manns í sæti.

### Flægelduð svínasíða

1 kg beinlaus svínasíða  
100 ml sojasósa  
1 msk. gróft salt  
5 hvítlauksgeirar  
1 kanilstöng  
2 stjörnuanis  
Vatn

#### Aðferð

Setjið svínasíðuna í eldfast mót ásamt öðrum hráefnum og vatn þannig að það fljóti yfir. Setjið

plastfilmu yfir mótið og eldið í ofni á 80° ca. yfir nótt (12 klukkustundir).

Setjið síðuna í annan bakka með smjörpappír undir og yfir, setjið annan bakka ofan á með einhverju þungu í til að pressa. Þegar síðan er full kæld er hún tekin út og smurð með sinneps blöndunni og sett í ofn á 180°C þar til hún er orðin heit í gegn.

### Sinneps gljái

3 msk. sinnep  
3 msk. dijon sinnep  
3 msk. hunang  
3 tsk. púðursykur

### Malt og appelsínsósa

500 ml kjúklingasoð  
200 ml egils malt  
1 laukur saxaður  
50 ml grand mariner  
½ appelsína  
1 stjörnuanis  
1 grein garðablóðberg  
1 tsk. kjúklingakraftur  
Salt og pipar

#### Aðferð

Svitið laukinn í pottinum í smá olíu, bætið anís, blóðberg og grand mariner úti og sjóðið niður. Bætið restinni af hráefninu úti og sjóðið niður um 1/3 sigtið sósuna og smakkið til með salt og pipar.

### Kartöflu terrine

600 g kartöflur  
200 g laukur  
150 g smjör  
Salt og pipar

#### Aðferð

Kartöflur eru skrældar og skornar í þunnar sneiðar. Laukur skorinn þunnt og svitaður á pönnu. Þá er kartöflum og lauk raðað saman í form, til skiptis laukur og kartöflur. Smjör penslað yfir hvert kartöflulag, salt og pipar stráð yfir smjórið. Bakað við 150°C í 90 mínútur. Látið stífna inná kæli með pressu á sér síðan skorið í bita og hitað við 90°C.

### Eplakaka

3-4 epli  
150 g sykur  
150 g hveiti  
150 g smjörliki eða smjör  
kanill

#### Aðferð

Smyrjið form með olíu. Skerið eplin í smáa bita. Dreifið kanil yfir eplin. Sykur og hveiti hrætt saman. Smjörliki bætt saman við. Hnoðað. Myljið deigið yfir eplin og bakið við 180 gráður í 20 mín. eða þar til kakan er tilbúin. Borin fram heit með rjóma eða vanilluís.

## Sjúkrasjóður og fræðslusjóðir Einingar-löju

# Útborgun 30. desember 2020



Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 30. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári.

Skila þarf gögnum til félagsins í síðasta lagi 18. desember til að ná þessari útborgun. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2021.



# Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?

Þegar „Mínar síður“ fara í loftið getur þú fylgst með hvort félagsgjöldin þín eru ekki að skila sér til okkar. Félagsgjöld til Einingu-löju eru 1% af launum og sér vinnuveitandi um skil þeirra til félagsins. Til að viðhalda fullgildum félagsrétti í Einingu-löju þurfa félagsgjaldagreiðslur að berast reglulega. Ef ekkert félagsgjald er greitt í sex mánuði samfelt fellur viðkomandi félagsmaður af félagskrá. Með greiðslu lágmarksfélagsgjalda koma tiltekin réttindi.

## Hjá Einingu-löju hafa félagsmenn t.d. rétt til:

- Upplýsinga um réttindi og skyldur
- Aðstoðar við túlkun kjarasamninga
- Aðstoðar við gerð ráðningarsamninga
- Aðstoðar við útreikninga á launum og innheimtu
- Aðstoðar ef upp kemur ágreiningur á vinnustað
- Lögfræðiaðstoðar tengda kjaramálum
- Aðstoðar í veikindum í gegnum sjúkrasjóðinn

- Styrkja til forvarna og endurhæfingar
- Niðurgreiðslu á námi og námskeiðum
- Aðgangs að orlofshúsum

Upphæð félagsgjalda og nafn stéttarfélags á að koma fram á launaseðli. Á „Mínum síðum“ (verður efst til hægri á [www.ein.is](http://www.ein.is)) verður hægt að fylgjast með skilum félagsgjalda og sjá yfirlit yfir greidd félagsgjöld aftur í tímann. Eining-löja hvetur félagsmenn til að skoða launaseðilinn sinn vel og fylgjast með skilum félagsgjalda.

## „Mínar síður“

Fyrir á árinu tók Eining-löja í notkun nýtt Orlofshúsa- og félagakerfi, Frímann. Þá var opnað fyrir nýjan Orlofshúsavef á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is), og „Mínar síður“ eru væntanlegar í loftið síðar í desember. Þar verður m.a. hægt að sjá greiðslur félagsgjalda og greiðslur frá félaginu. Þá munu félagsmenn geta skoðað og sótt rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði á mun einfaldari hátt en nú er í boði. Í skoðun er hvort ekki verði hægt að sækja líka um fræðslustyrki á síðunni.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða vel upplýsingar um sig á „Mínum síðum“ þegar þær fara í loftið og laga ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

### Orlofshúsakerfið

Á Orlofshúsavefnum geta félagsmenn skráð sig inn og sótt um fyrir sumarvertíðina eða pantað orlofs eignir yfir veturinn og gengið frá greiðslu. Einnig er hægt að kaupa ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótelum og gistiheimilum um allt land. Stéttarfélögin sem eiga aðild að Frímann-kerfinu sameinaðu krafta sína og komust að samkomulagi við fjölmörg hótél og gistiheimili víðs vegar um landið sem bjóða félagsmönnum okkar afar hagstætt verð. Í ofanálög niðurgreiðum við gistinguna um 20% af valinni upphæð. Niðurgreiðslan getur að hámarki verið 15.000 krónur á hverju almanaksári.

Einnig er hægt að kaupa Útilegukortið og Veiðikortið á vefnum, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Áfram verður hægt að kaupa þessi kort á skrifstofum félagsins.

EKKI þarf að skrá sig inn til að skoða hvaða eignir, eða miðar á hótél eru í boði. Einungis þarf að skrá sig inn ef viðkomandi ætlar að sækja um hús, íbúð eða Orlof að eigin vali þegar sumarúthlutun er í gangi, panta hús eða íbúð að vetri til eða kaupa gisti miða eða kort sem í boði eru allt árið um kring.

Hnappinn Orlofshúsavefur má finna svo að segja efst og til hægri á heimasíðu félagsins og þar verður hnappurinn „Mínar síður“ líka staðsettur. Innskráning fer svo fram með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, en auðkenningin eða innskráningin fer fram í gegnum [island.is](http://island.is).

## Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú pantar gjafakortið á [landsbankinn.is/gjafakort](http://landsbankinn.is/gjafakort).



# Różne informacje

## **Rolą związków zawodowych**

Rolą związków jest przede wszystkim negocjowanie w imieniu swoich członków umów zbiorowych w których określone są zasady wynagrodzeń i warunków pracy, a także czuwanie nad ich interesami na rynku pracy.

## **Angielska i polska wersja głównej umowy zbiorowej SGS i SA**

SGS zlecił przetłumaczenie głównej umowy zbiorowej SGS i SA na język angielski i polski. Tłumaczenia znajdują się na stronie domowej związku zawodowego Eining-Iðja. Warto zaznaczyć, że w wyżej wymienionych tłumaczeniach, w górnej części każdej strony, umieszczono zastrzeżenie, że w przypadku zaistnienia konfliktu oryginał głównej umowy zbiorowej w j. islandzkim będzie zawsze uważany za obowiązujący.

Mamy nadzieję, że umowa zbiorowa SGS i SA dot. branży gastronomicznej, hotelarskiej i usługowej, będzie gotowa do publikacji w języku angielskim i polskim w nadchodzących tygodniach. Te tłumaczenia głównej umowy zbiorowej mają na celu dostarczenia większej ilości informacji oraz zwiększenie zakresu usług świadczonych przez SGS dla naszych licznych członków obcego pochodzenia. Mamy nadzieję, że w ten sposób wielu z nich będzie lepiej poinformowanych o przysługujących im prawach.

## **Dodatek grudniowy (swiateczny) 2020 (Desemberuppbót)**

Związek zawodowy "Eining-Iðja" pragnie przypomnieć swoim członkom, że zgodnie z umowami o pracę mają oni prawo do wypłaty specjalnego dodatku wypłacanego wraz z pensją grudniową. Wysokość specjalnego dodatku do pensji grudniowej zależy od:

- a) zapisów szczegółowych w umowach zbiorowych
- b) stażu pracy
- c) wymiaru godzin w jakich pracownik jest zatrudniony (tzn. np. 100% etatu, 50% etatu, 75% etatu itd.)

Wyżej wymieniony dodatek ma być wypłacony jednorazowo w całości, ale nie jest do niego doliczany dodatek urlopowy (orlof) tak jak do innych wynagrodzeń za pracę.

Wysokość specjalnego dodatku grudniowego w oparciu o umowy zbiorowe zawarte z przedstawicielami komisji do spraw wynagrodzeń utworzonych przez zarządy lokalne wynosi 118.750 koron natomiast umowy zawarte między przedstawicielami związków zawodowych "Eining-Iðja", a przedstawicielami rządu, zgodne z umowami zbiorowymi obowiązującymi na powszechnym rynku pracy, zapewniają wypłatę specjalnego dodatku grudniowego w wysokości 94.000 koron islandzkich.

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być wypłacony nie później niż do 15 grudnia. Wszystkim pozostałym, włącznie z pracownikami pracującymi dla zarządów lokalnych powyższy dodatek ma być wypłacony w grudniu zgodnie z obowiązującymi ich przepisami wynikającymi z umów o pracę w danym sektorze zatrudnienia.

## **Fundusz chorobowy**

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płatności składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.: przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby współmałżonka, wizyt u masażysty i fizykoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do karnetów na siłownię, kupna aparatu słuchowego i szkieł do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 370.000 kr. Dopłata do karnetu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 23.000 koron w każdym roku kalendarzowym. Dopłata przy kupnie szkieł do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 50.000 koron co 3 lata.

Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 60.000 koron co 3 lata.

## ***Proszę zwrócić uwagę !***

Zebranie zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 27 dnia danego miesiąca. Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podań o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizykoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

## **Pamiętajcie o dofinansowaniu na naukę!**

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczeszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek: Landsmennt ([www.landsmennt.is](http://www.landsmennt.is)) - Krajowy Ośrodek Doksztalcania, Sveitamennt ([www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is)) - Regionalny Ośrodek Doksztalcania i Ríkismennt ([www.rikismennt.is](http://www.rikismennt.is)) - Rządowy Ośrodek Doksztalcania.

Landsmennt jest funduszem na doksztalcanie się stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgréinasambands Íslands).



Sveitamenntt er fundusker framfaravilur af starfsmönnum á svæðinu í SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 130.000 przez Landsmenntt, przez Ríkismenntt i Sveitamenntt. Landsmenntt, Sveitamenntt i Ríkismenntt pokrywa do 75% kosztów kursu.

### Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą do Ríkismenntt lub Sveitamenntt mogą starać się o 90% dofinansowanie 150-godzinnego kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

### Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego "Eining-Iðja" oferuje się możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych w okresie pozaurolopowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wypoczynkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) Svignaskað w Borgarfjarður
- 4) Einarstaðir w Fljótshálsa
- 5) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Hofuðborgarsvæðið (Reykjavík, Kópavogur).

### Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest

sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o

poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

### Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12-dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy –

obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

### Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku "Eining-Iðja" numer telefonu 460 3600 [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is), jeśli zaistnieje taka konieczność.

## Reiknivél fyrir félagsmenn



*Það er mikið hagsmunamál fyrir launafólk að geta farið yfir með tiltölulega einföldum hætti hvort laun og aðrar greiðslur séu í samræmi við kjarasamninga, þ.e. kannað hvort þeirra launaseðill sé réttur.*

Starfsgreinasambandið, fyrir hönd allra sinna aðildarféлага og þar á meðal Einingar-Iðju, hefur látið setja upp rafræna reiknivél þar sem félagsmenn geta nýtt sér til að reikna út laun sín, kannað hvort launaseðlar þeirra séu réttir og

annað það sem snertir margvíslegar greiðslur.

Leitast var við að hafa reiknivélina eins einfalda í notkun og kostur er og má því búast við að hún nái ekki utan um öll möguleg tilfelli. Hér er um fyrstu útgáfu að ræða og á m.a. eftir að leggja lokahönd á þýðingar og fleira.

Notendur eru beðnir að koma ábendingu og athugasemdum á framfæri á [sgs@sgs.is](mailto:sgs@sgs.is).

Með þessu framtaki er verið að leitast við að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta sinna hagsmuna og kjara.

M.a. má finna reiknivélina á vef Einingar-Iðju, [www.ein.is](http://www.ein.is), undir liðnum Kaup og kjör.



**Starfsgreinasamband  
Íslands**

# Ætlar þú að dvelja um jólin á Illugastöðum?

Gestir á Illugastöðum um jól og áramót 2020-2021, gott er að hafa eftirfarandi í huga:

Um jól og áramót verður afgreiðslan opin á eftirfarandi tíma: 22., 23., 29. og 30. desember milli kl. 16:00 og 17:00.

Ef snjóar er ekki hægt að reikna með snjómokstri á Illugastaðavegi í Fnjóskadal frá hádegi 24. til laugardagsins 26. desember og frá hádegi 31. desember til 2. janúar. Það sama á við um svæðið sjálft á Illugastöðum. Mokstur á Illugastaðavegi er allt að þrisvar í viku. Þá daga sem mokað verður, ef þörf krefur, verður bara mokað einu sinni á dag. Ef veðurútlit er tvísýnt er ekki víst að mokað verði þann daginn, heldur færast það á næsta dag.

Nauðsynlegt er að láta vita á auglýstum opnunartíma í síma 462 6199 ef gestir komast ekki á þeim tíma, svo hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir.



Síðasta vetur snjóaði stundum hressilega á svæðinu. Þessi mynd var tekin í mars en þá hafði snjó kyngt niður á Illugastöðum.

## Hvað er KLUKK? - What is Klukk? - Co to jest Klukk?

Klukk er tímaskráningarapp og er einnig fánlegt á ensku og pólsku. Nýjasta útgáfan af Klukki uppfærð sjálfkrafa í símanum og er skipt um tungumál með því að fara í stillingar í appinu. Tilgangurinn með appinu er að hjálpa launafólki

að halda utan um vinnustundir sínar. Þannig má á auðveldan hátt nálgast yfirlit yfir unna tíma í mánuði og bera saman við greiddar vinnustundir á launaseðli og ganga þannig úr skugga um að þú fái rétt greitt frá launagreiðanda þínum.

### What is Klukk?

Klukk is a free app for recording hours of work, helping you keep track of your work hours in a simple manner. The app allows you to make sure you are paid correctly from your employer.

Where can I get Klukk? Klukk can be downloaded from App store and Play store.

### Co to jest Klukk?

Klukk jest aplikacją zapisującą godziny, ma pomóc Ci w prosty sposób w rejestracji czasu pracy. Aplikacja ta zapewni, że pobory za przepracowany okres będą prawidłowo naliczone przez Twego pracodawcę.

Gdzie mogę „pobrać” Klukk? Klukk można pobrać w App store i Play store. Poniżej podano linki do pobrania aplikacji Klukk.

Í appinu getur þú klukkað þig inn og út, ásamt því að appið minnir þig á að klukka sig þegar þú kemur eða ferð af vinnustaðnum. Á einfaldan máta er jafnframt hægt að fá tímaskýrslu senda í tölvupósti sem excel-skjal.

**Klukk er ókeypis** og er fánlegt í Appstore (iPhone) og Playstore (Android). Félagsmenn eru hvattir til að ná í appið og prófa.

Allar nánari upplýsingar um appið má finna á [www.asi.is](http://www.asi.is).






# Rafrænt trúnaðarmannanámsskeið

Vegna Covid þurfti að gera breytingar á trúnaðarnámsskeiðum haustsins. Í byrjun nóvember fór fram hluti 1 á rafrænan hátt en fella þurfti niður hluta 2 þar sem ekki var búið að skipuleggja það námsskeið með vefnámi í huga.

Á hluta 1 var farið yfir hvert hlutverk stéttarfélag, sambanda og heildarsamtaka á vinnu- markaði er. Einnig var farið í hvert hlutverk trúnaðarmanns er á vinnustað og samskipti á vinnustað, hvað veldur slæmum samskiptum og hvernig megi stuðla að góðum samskiptum.

Leiðbeinandi var Sigurlaug Gröndal, frá Félagsmálaskóla Alþýðu, og sátu 15 trúnaðarmenn frá félaginu námsskeiðið. Miðað við umsagnir þeirra í námsmati tókst námsskeiðið mjög vel. Umsagnirnar voru jákvæðar og greinileg ánægja með fyrirkomulagið.



Vefkennslan fer fram milli kl. 9 og 14, í stað 16. Farið er yfir allt efnið, þannig að námið er efnislega ekki stýtt en aðeins minni tími fer í verkefni.

## Viðhorfskönnun meðal dvalargesta í orlofshúsum og íbúðum

Í fyrra ákvað stjórn félagsins að kanna meðal félagsmanna, sem voru í íbúð eða í orlofshúsi um sumarið, upplifun þeirra á viðkomandi stað. Mjög góð svörin var í fyrra og búrast bæði margar ábendingar og hrós til félagsins og því ákvað stjórn félagsins að vera með þær árlega. Niður-

stöður ársins liggja nú fyrir og fengust sem áður góðar upplýsingar.

Í heild kom þetta vel út, auðvitað koma alltaf ein og ein ábending um eitthvað sem mætti laga. Nú þegar er búið að bregðast við ýmsum ábendingum er þar kom fram. Félagið er líka að skoða aukið framboð fyrir næsta sumar, t.d.

með hliðsjón af þessum niðurstöðum. Það má alveg ljóstra því upp hér að Eining-Íðja mun bjóða upp á bústað á Flúðum næsta sumar.

Öll svör í þessum könnunum eru órekjanleg og ekki er óskað eftir persónuupplýsingum.



## Opnunartími um jóla og áramót

Milli jóla og nýárs verður skrifstofa félagsins á Akureyri opin á venjulegum opnunartíma.

Skrifstofan á Dalvík verður lokað 23. og 28. desember.

Skrifstofan í Fjallabyggð verður lokað 23. og 30. desember.

Mánudaginn 4. janúar verður lokað á öllum skrifstofum félagsins en við opnum aftur á hefðbundnum tíma þriðjudaginn 5. janúar 2021.



## Hurðin læst en samt opið!

Vegna ástandsins í þjóðfélaginu, vegna Covid 19, hefur félagið tvisvar neyðst til að takmarka aðgengi að skrifstofum félagsins á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð. Þá hefur félagið eingöngu veitt félagsmönnum fjarþjónustu og mun gera það ef og þegar þörf krefur. Þetta er gert með velferð félagsmanna og starfsmanna í huga.

Starfsfólkið hefur samt verið á sínum stað og sinnt erindum félagsmanna í gegnum síma og tölvupóst á hefðbundnum opnunartíma.

Í þessi tvö skipti var ákveðið að skipta starfsfólkinu á Akureyri upp í tvo hópa. Á meðan annar hópurinn sinnti störfum sínum á skrifstofunni vann hinn hópurinn heima. Þessi hópaskipting var sett á til að minnka líkur á að skerða þyrfti þjónustuna enn frekar ef kæmi til veikinda.

### Allir að spritta

Þegar skrifstofur félagsins eru opnar þá eru allir snertifletir sótthreinsaðir reglulega og eftir þörfum. Þeir sem nauðsynlega þurfa að koma er bent á að við innganga eru sprittbrúsar og eiga allir að spritta á sér hendurnar áður en gengið er að afgreiðsluborðum. Við afgreiðsluborð þarf að hafa í huga að í gildi er tveggja metra fjarlægðarregla.

**Þeir sem finna fyrir einhverjum einkennum sem geta bent til þess að viðkomandi**

**sé smitaður, hafa verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum erlendis og innanlands og þeir sem hafa umgengist fólk sem svo hefur greinst með COVID-19 eru vinsamlegast beðnir um að koma **EKKI** á skrifstofur félagsins.**



Á meðan Covid ástandið varir og skrifstofurnar opnar þá hvetur félagið félagsmenn til að nýta sér síma, tölvupóst og heimasíðu félagsins fremur en að mæta á skrifstofurnar ef hægt er.

Sími félagsins er 460 3600 og netfangið er **ein@ein.is**.

Netföng starfsmanna má finna á heimasíðu félagsins, **www.ein.is**.

Bein númer á skrifstofurnar:  
Akureyri ..... 460 3609  
Dalvík ..... 460 3615  
Fjallabyggð ..... 460 3620

Eining-Ídja would like to advise our members to use telephone or email in communications with the union - instead of coming to our offices. Our telephone is 460 3600 and our email **ein@ein.is**. By communicating with phone and email instead of direct contact, we might stop the spreading of the corona virus.

Eining-Ídja chciałby doradzić naszym członkom, aby w komunikacji ze związkiem używali telefonu lub poczty elektronicznej – w miejsce stawiania się w biurach. Nasz telefon to 460 3600, a nasz e-mail **ein@ein.is**. Komunikując się telefonicznie i pocztą e-mail zamiast bezpośredniego kontaktu, możemy opóźnić rozprzestrzenianie się wirusa korony.

### Við erum öll almannavarnir

Virðum áfram allar reglur sóttvarnalæknis þar til endanlega hefur verið slakað á þeim. Skv. sóttvarnalækni munu eftirfarandi aðgerðir skila tilætluðum árangri að koma í veg fyrir hópsýkingar og frekari útbreiðslu.

**✓ Handþvottur!**

**✓ Handspritt!**

**✓ Hreinsa áhöld og fleti sem maður veit ekki hverjir hafa snert!**


**✓ Fordast fjölmenni!**





# Jóla-krossgátan

Gerður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.



		Púður-kerling		1	Eygja ung-viði	Hnapp-ar	Lausn: Tölusettir reitir 1-22 Málsháttur		1	2	3	
Álegg							Líðinn dagur	Saxaði ↓ Rándýr	10	Endugu Agað Vinnuleg	Upp-hafðar Blóm	4
→								12	↘			5
Eldur ör						>					4	6
Engi Nema					v			>	3			7
Rayfi	Tímabil Fiskur-inn						7	Tryllt-um Kona				8
↳						Skrafa á Angaði				v		9
Verður úfið											v	10
Krydd					5			↓				11
Auma Maður					8			>		6		12
BB	↓	Ástar-guð	Dregst inn í Tíndi	↓	Topp Gyðja Æki	Afglöp		upp-tökum Svára			Kænu	13
Guds-Sonur		2				Höfuð-byllis Pinninn		9			Fólara Hóta	14
Óslitin Dautt gras					11			>		13	Hætta Bók Nettur	15
Ljós					Gæðing Kæru-laus	v		Puð Streng-ir				16
Duft Munar-ins	↘									18		17
20					Andann Fram-sækni			14	Snæði Övættur		Bad	18
Sífelkt Sigauð	↳							16				19
Kortabók												20
Trygg Skraut												21
↳												22
		21				Fram á við Nart						22

## Jóla­kross­gá­tan

Skrifið lausnina á blað, (reitur 1 til 22, málsháttur) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is), en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

**Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 11. janúar 2021.** Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

**Eining-löjla**  
- Verðlaunakrossgáta  
Skipagötu 14  
600 Akureyri

**Glæsilegir vinningar eru í boði:**

Gjafabréf í HOF menningarhús á Akureyri að verðmæti kr. 20.000,-

Gjafabréf frá Glerártorgi að verðmæti kr. 10.000,-

## Ekki segja upp í veikindum

**– Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi –**

Það eru nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-löjla eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-löjla beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.

Það hefur þrengt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óafsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt. **Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-löjlu áður en skrifað er upp á starfslok.**

## Verðlaunagetraun

**Hvað heitir varaformaður Opinberu deildar félagsins?**

(Svarið má finna á [www.ein.is](http://www.ein.is))

- |                                |                             |
|--------------------------------|-----------------------------|
| 1. Andreea Georgiana Lucaci    | 4. Halldór Ari Brynjólfsson |
| 2. Anna Dóra Gunnarsdóttir     | 5. Tómas Jóhannesson        |
| 3. Guðbjörg Helga Andrésdóttir | 6. Þórhalla Þórhallsdóttir  |

Skrifið lausnina á blað og merkið það með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is) en gæta skal þess að láta fyrrgreindar

upplýsingar fylgja. **Skilafrestur er til kl. 16, mánudaginn 11. jan. 2021.** Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

**Glæsilegir vinningar eru í boði:**

Gjafabréf frá Glerártorgi að verðmæti kr. 10.000,-

Gjafabréf í HOF menningarhús á Akureyri að verðmæti kr. 10.000,-

Utanáskriftin er:

**Eining-löjla**  
- Verðlaunagetraun -  
Skipagötu 14  
600 Akureyri

# facebook

Hvernig væri að gefa okkur eitt like







## Styrkur þinn til náms

- Landsmennt er fræðslusjóður samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun beint til fyrirtækjanna sjálfra.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á [www.landsmennt.is](http://www.landsmennt.is)



**Landsmennt**

## Þín leið til fræðslu

- Sveitamennt styrkir starfsmenntun beint til sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is)



**Sveitamennt**



## Menntun skapar tækifæri

- Ríkismennt styrkir starfsmenntun beint til stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á [www.rikismennt.is](http://www.rikismennt.is)



**Ríkismennt**

## Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfélaga
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á [www.sjomennt.is](http://www.sjomennt.is)



**Sjómennt**

# PACTA

LÖGMENN ALLRA LANDSMANNA

Pacta lögmenn bjóða upp á alla almenna lögfræðipjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Við veitum viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu á þrettán starfsstöðvum víðsvegar um land, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika sem skilar sér í faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum.

Með samræmdu upplýsingakerfi og samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta sem og viðskiptavinir okkar, einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu lögmanna stofunnar, hvar sem þeir starfa á landinu.

Akranes  
Akureyri  
Blönduós

Dalvík  
Egilsstaðir  
Húsavík

Ísafjörður  
Keflavík  
Reyðarfjörður

Reykjavík  
Sauðárkrúkur

Selfoss  
Siglufjörður

Símanúmer okkar er 440 7900 · [pacta@pacta.is](mailto:pacta@pacta.is) · [www.pacta.is](http://www.pacta.is)

THE PARLEX GROUP

Pacta er virkur aðili að THE PARLEX GROUP og hefur byggt upp traust viðskiptasamband og persónulegt tengslanet við virtar lögmennsstofur víða um heim. [www.parlex.org](http://www.parlex.org)